



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu um lengri opnunartíma félagsmiðstöðva og samráð við ungmenni

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Jökuls Loga Sigurjónssonar fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háleitis til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að lengja kvöldopnunartíma í félagsmiðstöðvum frá 1. janúar 2025 og að viðhafa samráð við ungmennaráð framvegis þegar kemur að breytingum sem varða frístundastarf unglinga.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Emilía Nótt Starradóttir lagði fram sambærilega tillögu og Jökull Logi Sigurjónsson á fundi borgarstjórnar 14. febrúar 2023 en í henni var lagt til að hætt yrði við að stytta opnunartíma félagsmiðstöðva í Reykjavík og að samskipti ættu sér stað við ungmennaráð áður en ákvarðanir væru teknar um frístundastarf unglinga.

Upprunaleg ástæða beggja þessara tillagna er tillaga sem samþykkt var í borgarstjórn 6. desember 2022 og fól í sér að opnunartími félagsmiðstöðva yrði stytur um 15 mínútur á kvöldin yfir vetrartímann og að félagsmiðstöðvar myndu loka kl. 21.45 í stað þess að lokað yrði kl. 22.00. Tillagan vegna breytingar á opnunartíma félagsmiðstöðva (tillaga SBPC-49) var hluti af sparnaðaraðgerðum Reykjavíkurborgar fyrir fjárhagsárið 2023 en einnig kom fram í texta við tillöguna að með henni væri ætlað að gæta betra samræmis við útivistartíma unglinga.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. júní 2023 var samþykkt breytingartillaga við þá tillögu sem lögð var fyrir á fundi borgarstjórnar 6. desember 2022 þar sem hætt var við að stytta opnunartíma félagsmiðstöðva á föstudagskvöldum en samþykkt að stytta opnunartíma á mánudags- og miðvikudagskvöldum. Í kjölfarið var breytingartillagan tekin fyrir í borgarráði 15. júní 2023 þar sem gera þurfti breytingar á reglum um þjónustu félagsmiðstöðva í kjölfar styttingu á opnunartíma og samþykkt að lágmarksopnunartími félagsmiðstöðva í hverri viku yfir vetrartímann yrði stytur um hálf klukkustund í stað 1,5 klst. eins og áður átti að gera.

Í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva í Reykjavík er nú gert ráð fyrir að félagsmiðstöðvar séu að lágmarki með opið 11,5 klst. á viku yfir vetrartímann í stað 12 klst. áður. Útreiknaður sparnaður á ársgrundvelli 2023 var 11,3 milljónir og var fjárhagsrammi félagsmiðstöðva lækkaður í samræmi við það. Ekki voru gerðar breytingar á fjárveitingum vegna opnunartíma félagsmiðstöðva yfir sumartímann en þá er opið í félagsmiðstöðvum til kl. 22.30 og í sumum tilvikum til kl. 23.00 á föstudagskvöldum enda útivistartíminn rýmri þá en yfir vetrartímann.

Ekki er í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2025 gert ráð fyrir fjármagni til að lengja aftur opnunartíma félagsmiðstöðva og vegna kröfu um sparnað í starfi skóla- og frístundasviðs er því miður ekki til staðar svigrúm til að hækka fjárheimildir í rekstri félagsmiðstöðva að svo stöddu.



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið styður við starfsemi Reykjavíkurráðs ungmenna og ungmennaráða í hverfunum í borginni. Markmið með starfi ungmennaráða er að veita þátttakendum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og að skapa vettvang og leiðir til þess að gera ungmennum kleift að koma skoðunum sínum og tillögum sínum á frambæri við viðeigandi aðila. Skóla- og frístundasvið telur mikilvægt að þegar verið er að taka ákvarðanir um þjónustu til ungmenna sé óskað eftir umsögn ungmennaráða og/eða Reykjavíkurráðs ungmenna.